

A.I
1980

ADSTAÐA TIL FISKELDIS VIÐ HOLTSÓS.

Þann 7. maí fór undirritaður til að skoða aðstöðu til fiskhalds við Holtsós og fiskeldis við Seljavallalaug. Leiðsögmenn á staðnum voru Halldór Gunnarsson, prestur í Holti og Karl Sigurjónsson á Efstu Grund.

Við Seljavallalaug koma nokkrar heitar uppsprettur (60°C) út úr bergi nokkuð fyrir ofan Seljavallalaug í Laugarárgili. Hér er sennilega um nokkra sekúndulíttra að ræða en nauðsynlegt væri að fá allt þetta vatn ef byggja ætti eldisstöð. Hinsvegar er öflun á góðu köldu vatni (lindarvatni) með hefðbundnum aðferðum verulegt vandamál. Helzt virðist koma til greina að dæla vatni úr brunnum en slíkt er mjög kostnaðarsamt því vart yrði um minna vatnsmagn að ræða en 30 sekúndulíttra sem nægir fyrir 100.000 gönguseiða framleiðslu. Hugmyndir um að fá slíkt vatnsmagn sjálfrennandi úr brunni eru sennilega ekki raunhæfar nema að vel athuguðu máli. Á stöðum þar sem vatnsöflun er jafn óörugg og á Seljavöllum er ekki ráðlegt að gera áætlun um eldisstöð nema að fyrir liggi sérfræðilegt mat um vatnsöflun, en slíka þjónustu má fá á Orkustofnun.

Holtsós er lón sem er skilið frá sjó af mjóum granda en hefur yfirleitt útfall til sjávar um ós í gegnum grandann nema þegar hann lokast í brimum af flutningi malar og sands með ströndinni. Vatnshæð í ósnum er því mjög misjöfn. Komið hefur upp sú hugmynd að gera garð yfir ósinn þar sem hann er þrengstur skammt fyrir neðan Holt og hafa þar mannvirki til að taka á móti sjógengnum fiski. Þegar undirritaður skoðaði aðstöðuna var vegalengdin a.m.k. 300 metrar enda var vatnsborð mjög hátt í ósnum. Mannvirki á þessum stað mundi kosta tugi milljóna og ekki getur talist tímabært að byggja slíkt mannvirki í hafbeitartilgangi fyrr en tekist hefur að koma slíkri starfsemi á arðbæran grundvöll í Lárósi á Snæfellsnesi og víðar þar sem hafbeit er stunduð. Í Lárósi hefur reynst mjög erfitt að stunda laxahald með laxaseiði vegna mikils uppgangs í bleikjustofninum á svæðinu og ýmislegt bendir til þess að staðurinn verði í framtíðinni nýttur til gönguseiðasleppinga.

Næsta eðlilega skrefið í því að nytja Holtsós virðist vera það að kanna ástand silungsstofna í ósnum og reyna að gera sér grein fyrir orsökum minnkandi veiði. Er í því sambandi bent á Jón Kristjánsson, stöðuvatnasérfræðing Veiðimálastofnunar.

Reykjavík, 13. maí 1980,



Arni Ísaksson.